

Frumrannsókn menningarminja í Narfastaðaseli



Þóra Pétursdóttir
Ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni



FS418-08161
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík, 2009

Mynd á forsíðu: Bæjarrústir í Narfastaðaseli, horft í suðvestur (Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005)

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 1

MARKMIÐ OG AÐFERÐIR 1

NIÐURSTÖÐUR..... 3

PRUFUSKURÐUR 1 4

PRUFUSKURÐUR 2 5

PRUFUSKURÐUR 3 8

PRUFUSKURÐUR 4 9

PRUFUSKURÐUR 5 11

SAMANTEKT 13

FORNLEIFARANNSÓKNIR Í SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLU SUMARIÐ 2008 -

GJÓSKULAGARANNSÓKN..... 15

INNGANGUR

Dagana 29. júlí – 8. ágúst 2008 fór fram rannsókn á menningarminum í Narfastaðaseli (Sp-283) í landi Narfastaða (Sp-282) í Suður-Þingeyjarsýslu. Rannsóknin var unnin af Fornleifastofnun Íslands í samstarfi við Hið Þingeyjska fornleifafélag.

Minjar í Narfastaðaseli voru fornleifaskráðar sumarið 2004, ásamt heimajörðinni Narfastöðum, af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands.¹ Að öðru leyti höfðu minjar á staðnum ekki verið rannsakaðar áður.

Markmið og aðferðir

Narfastaðasel er, eins og nafnið gefur til kynna, forn selstaða frá Narfastöðum í Reykjadal og er í austanverðum Seljadal, nokkurveginn beint í vestur af heimajörðinni handan hálsins. Ekki er vitað hvenær þar var fyrst byggt eða haft í seli. Í Lýsingu Þingeyjarsýslu² segir að búið hafi verið í selinu um tíma í kringum 1670 en síðan líklega ekkert fyrr en 1836. Býlið lagðist endanlega í eyði 1940.

Tilgangur rannsóknanna sumarið 2008 var fyrst og fremst að varpa ljósi á aldur mannvirkja og þannig á það hvenær mannvist af einhverju tagi hófst á staðnum. Í því skyni voru grafnir 5 prufuskurðir í jafn mörg mannvirki í heimatúni og þeir auðkenndir með skammstöfuninni NFS08 (1-5). Af yfirborðskönnun að dæma virtust mannvirki á staðnum a.m.k. af tveimur mismunandi skeiðum og var áhersla lögð á þau mannvirki sem virtust af eldra skeiði í því skyni að varpa ljósi á upphaf mannvistar.

Tveir skurðanna (1 og 3) voru grafnir í meint garðlög og var í þeim tilfellum grafið í gegnum mannvirkin, niður á náttúrulegan, óhreyfðan jarðveg, og snið að lokum teiknuð. Þrír skurðanna (2, 4, og 5) voru hins vegar staðsettir í meintum byggingum og var þá grafið þannig að skilgreindum jarðlögum var fylgt (og þau teiknuð í láréttu plani) niður á mannvirkin og þau teiknuð í plani. Snið voru í öllum tilvikum teiknuð að uppgrefti loknum.

Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur kom á vettvang, skoðaði snið og tók sýni

¹ Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2005) *Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.


² Jón Sigurðsson (1954) *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík, bls. 298.

vegna gjóskurannsókna til aldursgreiningar. Greinargerð hans er meðfylgjandi aftast í skýrslunni. Í henni eru einnig almennar upplýsingar um gjóskulög á svæðinu og skammstafanir á þeim sem koma víða fyrir í uppgrafterlýsingum hér á eftir.

Að rannsókninni komu auk skýrsluhöfundar og Magnúsar Á Sigurgeirssonar, Lilja Björk Pálsdóttir, Howell M. Roberts, Oddgeir Hansson, Jóhann Gunnarsson Robin, David Stott og Stefán Ólafsson.


NIÐURSTÖÐUR

Eins og áður segir voru við frumrannsókn sumarið 2008 grafnir 5 prufuskurðir í heimatúni Narfastaðasels. Staðsetningu þessara skurða má sjá á mynd 1. Hér á eftir fylgir umfjöllun um hvern þessara skurða auk sniðteikninga og ljósmynda.



Mynd 1: Bæjarstæði Narfastaðasels og staðsetning prufuskurða



Prufuskurður 1



Skurður 1 var staðsettur vestarlega í miðju túni í því sem talið var hugsanlegur eldri túngarður. Skurðurinn var 1 X 3.5 m og lá austur-vestur, þvert á mannvirkið. Ummerki mannvistar var að finna í sniðinu, undir dökku gjóskulagi (1477 ?) en niðurstaða rannsóknar er þó sú að ekki sé um mannvirki heldur náttúrumyndun að ræða.



Purfuskurður 2




Skurður 2 var staðsettur í norðvesturhluta túnsins, í fornlegum rústahól (SP-283:002). Ekki voru sýnilegar tóftir á yfirborði hólsins en greinileg dæld í honum miðjum og ljóst að um manngerðan hól var að ræða. Skurðurinn var 2 X 5 m og snéri norður-suður.

Í skurðinum kom í ljós niðurgrafið mannvirki. Norðan við miðjan skurð var komið niður á torfvegg [015] (sjá mynd 3) sem lá þvert á stefnu skurðsins og voru rými sitt hvoru megin við hann. Í veggjatorfi mátti sjá landnámssyrpuna, með þremur dökkum gjóskulögum, en yfir því lágu dökku gjóskulögin H-1300, V-1477 og V-



Mynd 3: Torfveggur [015] í skurði 2. Mögulegur inngangur hefur verið þar sem grjótið sést í veggnum. Horft í suður.

1717.



Veggurinn ([015]) hefur verið endurgerður/bættur á einhverjum tímamarki. Nær lóðréttur skurður hafði verið tekinn í vegginn (eða torfhrun við hann) norðanverðan vegna viðgerðar á honum, og sat sú viðgerð ofan á lagi [086] sem sést á planteikningu hér til hliðar. Áður virðist þá einnig hafa verið fyllt upp í mögulegt op eða inngang í veggnum (austast í skurðinum) með torfi ([087]).

Stoðarsteinar og stoðarholur komu í ljós sunnan torfveggjarins en smærri pinnaholur norðan hans, auk einnar stoðarholu undir torfvegg [086] sem gæti hafa tengst áður nefndum inngangi. Þrjár stoðarsteinar [027] komu í ljós sunnan veggjarins í nokkuð beinni línu meðfram austursniði skurðarins (sjá mynd 4), en á sniðteikningu austursniðs hér að framan má einnig sjá að mögulegur veggur (6) liggur með stefnu skurðarins í sniðinu.



Mynd 4: Stóðarsteinar [027] meðfram austursniði í suðurhluta skurðar. Horft í austur.




Mynd 5: Dæld eftir innréttingu [063] má sjá fast sunnan við vegg auk stóðarhola og dælda. Horft í austur.

Fast við torfvegginn sunnanverðan kom í ljós greinilegur skurður eða dæld [063] sem fylgdi stefnu veggjarins og má túlka sem ummerki um innréttingu af einhverju tagi (sjá mynd 5).

Eiginleg gólftegund var ekki að finna í skurðinum. Þó kom í ljós fitukennt þjappað lag [023], yfir niðurgrefti [063] fast sunnan við vegginn, sem túlka má sem einhverskonar yfirborð. Að auki kom í ljós þjappað og traðkað lag [018] í fletinum norðan veggjarins sem hugsanlega eru ummerki þess þegar veggurinn var gerður. Engir gripir fundust við uppgröftinn.

Ekki er hægt að álykta um hlutverk byggingarinnar en samkvæmt gjóskulagagreiningu má um aldur hennar segja að hún er til komin fyrir 1300 og mögulega 1-2 öldum áður en sú gjóska fellur.

Prufuskurður 3




Skurður 3 var tekinn í gegnum túngarðinn (Sp-283:003) sem umlykur túnið. Skurðurinn var staðsettur suðaustast í túninu, skammt sunnan við þar sem túngarðurinn klofnar og angi af honum liggur til suðvesturs inn á túnið. Skurðurinn var 1 x 4 m og og snéri austur-vestur, þvert á garðinn. Í sniðinu kom í ljós torfhlaðinn garður, en í torfinu voru gjóskulög V-1477 og V-1717. Greinilegt var að torfið í garðinn var stungið nokkru eftir 1717 og er því ekki ósennilegt að hann sé hlaðinn einhverntíma á 19. öld.

Áberandi í sniðinu er þykk, aurug skriðutunga næst undir garðhleðslunni (sjá mynd 6) sem bendir til þess að túninu hafi um aldir stafað nokkur ógn af skriðum úr brekkunni ofan (utan) garðsins. Af því má draga þá ályktun að túngarðurinn hafi m.a. verið reistur vegna þessa, sem varnargarður.



Prufuskurður 4



Skurður 4 var staðsettur suðaustast í túninu, í hringlaga mannvirki sem fannst við vettvangskönnun sumarið 2008 (sjá mynd 7). Skurðurinn var 1 x 4 m og snéri norður-suður. Í skurðinum kom í ljós niðurgröftur c[016], niður fyrir H-4, og myndar hann hvilftina eða gröfina sem greinileg var á yfirborði. Á mörkum niðurgraftarins var þó í vestursniði einn steinn og greinileg torflinsa (5) sem bent gæti til þess að einhver uppbyggð umgjörð hafi verið um niðurgröftinn (sjá sniðteikningu). Við uppgröft komu í ljós aðgreinanleg viðarkolalög í fyllingu hvilftarinnar og er því líklega um kolagröf að ræða.



Mynd 7: Hringlaga mannvirki sem skurður 4 var tekinn í. Horft í vestur.

Innan niðurgraftarins c[016] voru enn fremur tvær niðurgrafnar holur, önnur í NA-horni skurðar c[017] og hin í miðju vestursniði c[015] (sjá mynd 8). Sú í NV-horni var grunn, um 10 cm, með aflíðandi börmum og virtist ekki hafa verið notuð (engin viðarkol voru í fyllingu hennar). Holan í vestursniði var aftur á móti um 25 cm djúp með

skörpum, bröttum börmum og fyllingin mjög viðarkolablendin. Sú hola hefur því að öllum líkindum verið notuð til kolagerðar. Í botni hennar fannst ennfremur einn



Mynd 8: Skurður 4 að uppgrefti loknum, horft í suður. Syðst í skurðinum er H-3 in situ og greinilega má sjá hvernig gröfin er skorin niður fyrir H-4.

hraunsteinn, um 15 x 8 cm að stærð.

Áberandi í sniði skurðarins, undir grasrótarlagi og þunnu áfokslagi, er þykkt svart gjóskulag V-1477 (6 og 7) sem safnast hafði fyrir og náð mikilli þykkt í gröfinni. Yfir holunni c[015], þar sem gjóskan er þykkust, má sjá að svarta gjóskulagið greinist í tvennt (sjá mynd 9), en neðri gjóskan (9), sem er mun þynnri og fínni er H-1300. Annarsstaðar í sniðinu urðu gjóskurnar tvær ekki greindar í sundur.

Í gröfinni c[016] var þykkt blandað fyllingarlag (11), allt að 30 cm þykkt, sem náði yfir allan uppgraftarflötinn (þ.e. innan niðurgraftarins). Í laginu var að finna fíngerða flekki af H-3 og H-4 auk mikillrar viðarkoladreifar, bæði kolasmits og stærri

kolaðra lurka (allt að 0,5 cm í þvermál). Þetta lag fyllti einnig holu c[017] í NA-horni


skurðarins og að hluta til holu c[015] við vestursnið. Undir þessu lagi kom í ljós kolsvart viðarkolalag (12) í vesturhluta skurðsins. Það náði frá norðvesturhorni að holu c[015] við vestursnið og myndaði neðri hluta fyllingarinnar í henni (sjá mynd 9). Lagið teygði sig um 30-40 cm út frá vestursniði, en var



Mynd 9: Vestursnið í skurði 4 að uppgrefti loknum. Svarta kolalagið sést greinilega, og hvernig það legst niður í holuna c[015]. Einnig eru bæði gjóskulög V-1477 og H-1300 greinileg yfir holunni.

langþykkast, um 5 cm, í og við sniðið en þynntist mjög út til austurs. Í laginu var mikið af koluðum lurkum, flestum smáum en nokkrum stærri (mest um 1,5 cm í þvermál). Undir þessu lagi var fokmold (13 og 14), en þó með nokkru fínlegu kolasmíti.

Prufuskurður 5



Skurður 5 var tekinn norðaustarlega í túninu, í sérkennilegri og fornlegri tóft (SP-283:013). Skurðurinn var 1 x 5 m og snéri norður-suður, í gegnum miðjan norðurvegg tóftarinnar.

Í skurðinum kom í ljós bygging, niðurgráfin að innan um ca. 30 cm, niður fyrir bæði H-3 og H-4. Yfir veggjatorfi lágu tvö svört gjóskulög, V-1477, sem var þykkt og greinilegt, og H-1300, sem var mun þynnra og nokkuð slitrótt. Í veggjatorfinu var að finna gjóskur úr landnámssyrpunni auk H-3.

Undir torfhruni (6) fast sunnan veggjarins og í vestursniði kom í ljós (stoðar?)steinn, kantaður og flatur að ofan. Annar steinn, í línu við þennan gæðist út úr austursniði, en var þó með ávalari línum og síður stoðarsteinslegur af því er greinanlegt var (sjá mynd 10 og 11). Undir torfhruni úr bæði suður- og norðurvegg (6 og 7) innan byggingarinnar kom í ljós gulleitt og heykennt, trefjaríkt lag (8) sem sem þakti uppgrafarflötinn sunnan veggjar og lagðist upp að (stoðar)steinunum. Lagið var

nokkuð þétt, en þó ekki nægilega þjappað til þess að um eiginlegt yfirborðslag væri að ræða. Örlítið smit af viðarkolum var að finna í laginu. Þegar það var fjarlægt fór að glitta í tvo flata og kantaða stoðarsteina í vestursniði (sjá mynd 11).

Undir heykennda laginu kom í ljós grábrúnt mjög þjappað og fitukennd (lífrænt?) lag (9), greinilega einhverskonar yfirborð. Það var um 5 cm á þykkt og þakti u.þ.b. hálfan uppgrafarflötinn sunnan veggjarins, lá inn undir áður nefnda stoðarsteina fast sunnan veggjarins og þynntist út til suðurs. Undir þessu lagi kom í ljós



Mynd 10: Skurður 5 að uppgræfti loknum. Horft í norður.



Mynd 11: Stoðarsteinar (?) í skurði 5, sunnan veggjar. Horft í suður.

annað greinilegt yfirborðslag en mun þynnra (10), gulgrænleitt og mjög þjappað. Þetta lag þakti allan uppgrafarflötinn sunnan veggjarins. Örbunn skán af laginu lá einnig yfir stoðarsteinunum tveimur í vestursniði, þótt þeir gæðust greinilega upp úr laginu líka.

Engir gripir fundust við uppgröftinn og ekkert verður fullyrt um hlutverk hússins út frá þeim upplýsingum sem fengust. Þó verður af öllu að teljast sennilegt að um skepnuhús af einhverju tagi sé að ræða. Yfirborðslögin tvö (9 og 10) virðast samtíða og fremur gefa til kynna ákveðið skipulag innan rýmisins (mögulega stúur og flór). Aftur á móti er

mögulegt at heykennda lagið (8) sé vísbending um að notkun byggingarinnar (eða þessa rýmis) hafi breyst.

SAMANTEKT

Eins og áður sagði gefa ritaðar heimildir litlar upplýsingar um upphaf byggðar eða seljabúskapar í Narfastaðaseli, og hið sama er að segja um þróun byggðarinnar í gegnum aldirnar. Sú frumrannsókn sem hér hefur verið gerð grein fyrir varpar nokkru ljósi þar á og er ljóst að frekari rannsóknir gætu skýrt þá mynd enn frekar.

Af þeim fimm skurðum sem grafnir voru leiddu fjórir í ljós mannvirki af einhverju tagi. Gjóskulagagreining sýnir að mannvirki í skurðum 2 og 5 auk kolagrafar í skurði 4 eru nokkuð eldri en gjóskulagið H-1300, e.t.v. öld eða meira. Túngarður í skurði 3, sem umlykur heimatúnið, er aftur á móti mun yngri og sennilega hlaðinn, a.m.k. að einhverju leyti, á 19. öld. Samkvæmt rituðum heimildum var föst búseta í Narfastaðaseli frá 1836 og er því líklegt að ráðist hafi verið í túngarðshleðslu í tengslum við það.

Það er greinilegt af þessari rannsókn að búskapur af einhverju tagi, og tilheyrandi byggingar, eru til komnar mun fyrr en ritaðar heimildir hafa gefið tilefni til að ætla. Frekari rannsóknir gætu varpað frekara ljós á þróun byggðarinnar og ennfremur á eðli þess búskapar sem þar var stundaður á hverjum tíma.

Fornleifarannsóknir í Suður-Pingeyjarsýslu sumarið 2008 – Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur.

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

INNGANGUR

Þann 13. ágúst var farin vettvangsferð að Narfastaðaseli í Seljadal og að Ingiríðarstöðum í Þegjandadal í S-Pingeyjarsýslu til að aldursgreina fornminjar með gjóskulögum. Skoðuð voru snið í fjórum skurðum við Narfastaðasel og þremur í Þegjandadal. Sniðum var lýst og þau ljósmynduð og teiknuð eftir því sem ástæða þótti til. Sýni voru tekin úr gjóskulögum til frekari skoðunar.

Rannsóknir hafa sýnt að talsvert er af gjóskulögum í jarðvegi í Mývatnssveit og nágrenni. Hafa þau nýst vel við aldursákvæðanir á fornminjum. Þau gjóskulög sem mest hafa verið notuð í þeim tilgangi eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V~950, H-1104, H-1158, K-1262, H-1300, V-1410, V-1477 og V-1717. Í Mývatnssveit er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) skýr í jarðvegi en í henni koma fyrir allt að sex dökk gjóskulög með stuttu millibili. Yngsta lagið í LNS er V~950. Þykkt LNS er á bilinu 6-10 cm (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Árni Einarsson et al. 1988, Magnús Á. Sigurgeirsson 1992, Magnús Á. Sigurgeirsson et al. 1998, Karl Grönvold et al. 1995).

NIÐURSTÖÐUR

Narfastaðasel

Bæjarhóll (skurður #2)

Niðurgrafin bygging, niður í Heklu-3 sums staðar og niður fyrir Heklu-4 norðan megin í skurðinum. Landnámssyrpan, með þremur dökkum gjóskulögum, er í torfi ásamt mannvistarlagi. Yfir meintu V~950 í torfinu er mannvistarlag (með fjólubláum blæ). Í jarðvegi yfir torfinu eru gjóskulögin V-1717, V-1477 og H-1300. Sýni voru tekin á tveimur stöðum úr gjóskulaginu sem lá næst yfir torfinu, annars vegar í vesturprófil, um 1 m sunnan við vegg, 5 cm yfir torfhruni og hins vegar úr NV-horni skurðs (sjá mynd 1). Bæði sýnin reyndust vera úr H-1300.


Garðlag (skurður #3)

Tvær skriðutungur úr mól eru áberandi í sniðum skurðsins, sem liggur þvert í gegnum garðinn. Sú neðri liggur því sem næst ofan á gjóskulaginu V~950. Næst ofan á skriðunum eru torfhnausar með gjóskulögunum V-1717 og V-1477. Greinilegar vatnsrásir eru í brekkunni ofan við garðinn

sem benda til að um langan aldur hafi runnið úr brekkunni niður á túnið. Víst má telja að á þessum stað hafi verið erfitt að halda garði í viðunandi horfi. Sjá má að girðing hefur verið lögð nokkru neðar í brekkunni, innangarðs, í seinni tíð. Auk þess að vera túngarður hefur þessi hluti garðsins haft hlutverk sem n.k. varnargarður til að varna því að skriður ættu greiða leið inn á túnið. Torfið efst í garðinum er stungið allnokkru eftir árið 1717, sennilega á 19. öld. Vírgirðing hefur verið sett ofan á garðinn í seinni tíð. Þess má geta að LNS er sérlega vel varðveitt undir garðinum, með a.m.k. sex dökkum gjóskulögum (mynd 1).

Kolagröf? (skurður #4)

Grafið hefur verið a.m.k. 8 cm niður fyrir Heklu-4. Þar fyrir ofan kemur um 10 cm þykkt graftarlag blandað gjósku úr Heklu-3. Þunn kolarönd er neðst í þessu lagi. Yfir graftarlaginu eru gjóskulögin V-1477 og H-1300 (sýni tekið).



Mynd 1. Snið frá Narfastaðaseli.

Bygging (skurður #5)

Yfir torfhruni í S-enda skurðs eru gjóskulögin V-1477 og H-1300 (sýni tekið). Í veggnum er torf með LNS og Heklu-3. Grafið hefur verið um 10 cm niður fyrir Heklu-4. Byggingin hefur sennilega verið grafin niður a.m.k. 30 cm að innanverðu, í gegnum bæði Heklu-3 og Heklu-4 (mynd 1).

Ingiríðarstaðir


Garðlag (skurður #2)

Stungið/plægt hefur verið ofan í Heklu-3. Næst ofan á Heklu-3 er um 55 cm þykkt graftarlag

(mynd 2). Í því miðju er blágrátt fínkorna gjóskulag *in situ*. Hægt er að rekja það á 80 cm kafla. Ofan við graftarlagið, á 18- 46 cm dýpi, er torf sem inniheldur sama gjóskulag. Þunnt mannvistarlag og slitrur af Heklu-3 er einnig í torfinu. Gjóskulögin V-1477 og H-1300 (sýni tekið) eru yfir torfinu.

Rústahóll (skurður #7)

Í veggnum er LNS ásamt þunnu mannvistarlagi. Yfir torfinu liggja tvö dökk gjóskulög, er neðra lagið um 8 cm yfir veggnum þar sem hann er hæstur (suðursnið). Sýni voru tekin úr báðum lögunum. Neðra gjóskulagið er H-1300.



Mynd 2. Snið frá Ingiríðarstöðum í Þegjandadal.

Garðlag (skurður #6)

LNS er *in situ* undir garðinum. Um 1,5-2 cm eru upp í torfið. LNS og þunnt mannvistarlag er í torfinu (suðurhlið garðs). Garðurinn hefur verið endurbyggður/lagfærður norðanmegin. Þar er einnig torf með LNS og allþykku mannvistarlagi. Blágráa gjóskulagið (sbr. skurð #2) liggur upp á hrun úr norðurhluta garðsins. Yfir garðinn liggja tvö dökk gjóskulög, V-1477 og H-1300 (sýni tekið). Um 10 cm eru frá H-1300 niður á torfhrun vestan megin í skurðinum.

NIÐURLAG OG UMRÆÐA

Gjóskurannsókn leiðir í ljós að í Narfastaðselli eru mannvirki frá því nokkru fyrir árið 1300. Telja má líklegt að mannvirkin séu mun eldri en gjóskulagið H-1300, öld eða meira, en úr því mætti e.t.v. fá skorið með frekari rannsóknum á staðnum.

Öll þau mannvirki sem skoðuð voru á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal reyndust vera eldri en gjóskulagið H-1300. Telja má að þau séu talsvert eldri en gjóskulagið, gætu elstu mannvistarlögin verið allt að tveimur til þremur öldum eldri.

Nokkur ráðgáta er gjóskulag sem fundist hefur innan um mannvistarlæg á Ingiríðarstöðum, blágrátt að lit og mjög fínkorna. Þetta lag kom fram í tveimur garðlögum (skurðum #2 og 6) í sumar og einnig í bæjarhólnum (skurði D) sumarið 2007 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2007). Í greinargerðinni frá 2007 er sagt um lagið í skurði D á Ingiríðarstöðum: „Í sýninu eru tvær glergerðir, dökkbrúnt og ljósmóbrúnt, sem bendir til að uppruni gjóskunnar sé í fleiri en einni eldstöð. Um blöndu tveggja gjóskulaga er líklega að ræða.“ Nýleg efnagreining á laginu bendir til að upptök gjóskunnar séu í bæði Veidivatnakerfinu og Grímsvötnum. Ennfremur kom fram að í laginu eru súr gjóskukorn sem líklega tilheyra Heklu-1104. Þess skal getið að slitur af gjóskulögunum H-1158/V-1159 virtist vera ofan við blágráa lagið í skurði #6. Það að korn úr H-1104 finnist í blágráa laginu bendir til að það sé ekki fjarri H-1104 í aldri.

Þekkt er að gjóskulög geti varðveist sérlega vel þar sem upphleðsla jarðvegs eða sets hefur verið hröð, s.s. innan um mannvistarlæg eða þar sem fokjarðvegur hefur safnast hratt upp. Greinilegt er að slíkar aðstæður hafa skapast á Ingiríðarstöðum. Ljóst er að blágráa lagið á Ingiríðarstöðum hefur varðveist þar sérlega vel vegna góðra varðveisluskilyrða sem þar hafa skapast. Um aldur lagsins er vitað að það er talsvert eldra en H-1300 og yngra en V~950. Telja má næsta víst að lagið sé frá árabílinu 950-1110. Þess má geta að við svonefndar Pálstóftir við Kárahnjúka komu fram tvö dökk gjóskulög á milli V~950 og H-1104 e.Kr. Þessi lög hafa upptök í bæði Grímsvötnum og Veidivatnakerfinu, samkvæmt efnagreiningum. Í Skagafirði er ennfremur gjóskulag frá því um 1000 e.Kr. sem hefur bæði Grímsvatna- og Veidivatnasamsetningu (Gunnar Ólafsson 1985, MÁS óbirt gögn).

Ljóst er, að til að fá nánari upplýsingar um aldur blágráa lagsins þarf að fara fram sérstök athugun á því í Þegjandadal. Finna þyrfti lagið í sniðum þar sem áhrifa mannvistar gætir ekki. Þar væri mögulegt að sjá afstöðu þess til annarra gjóskulaga, og ráða nánar í aldur þess. Einnig væri ráð að efnagreina frekar gjóskulög frá 10. – 11. öld.

HELSTU HEIMILDIR

Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatal í Syðriflóa, Náttúruverndarráð, fjölrit 17.

Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.

Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. J Volcanol. Geotherm. Res. 22: 33-58.

- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágríp, Veggspjaldaráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.
- Gunnar Ólafsson 1985: Gjóskulög í Austurdal og Vesturdal, Skagafirði. Námsritgerð við Háskóla Íslands, 66 s.
- Karl Grönvold, Níels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. Earth and Planetary Science Letters 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. Archaeologia Islandica 1: 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2007: Fornleifarannsókn í Þegjandadal, Suður-Þingeyjarsýslu. Gjóskulagagreining. Greinargerð 04/2007.
- Magnús Á Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágríp erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.